

Reykjavík, 21. september 2021  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík  
ust@ust.is



## Efni: Athugasemdir eigenda Óttarsstaða við starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar fyrir Rio Tinto á Íslandi hf.

1. Réttur, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, gætir hagsmuna allra eigenda jarðarinnar Óttarsstaða í Hafnarfirði.

Umbjóðendur mínir eru þessir:

2. Sigurður B. Markússon, kt. 011127-7899,
3. Straumsbúsins sf. kt. 630269-5209, Straumi,
4. Sína Þorleif Þórðardóttir, kt. 100153-2899,
5. Leifur Sörensen, kt. 010953-2789,
6. Gréta Sörensen, kt. 070755-2039,
7. Birgir Sörensen, kt. 160157-3569,
8. Fjöl ehf., kt. 470303-2550.
  
9. Umbjóðendur mínir hafa falið mér að gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu að nýju starfsleyfi fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. (hér eftir Rio Tinto) svo og við fyrirhugaða vöktunaráætlun.
  
10. Umbj.m. leggjast alfarið gegn því að útgefið verði nýtt starfsleyfi samkvæmt tillögu til handa Rio Tinto sem heimilar ISAL í Straumsvík að framleiða allt að 460.000 tonn af áli auk reksturs tilheyrandi málmsteypu,



ker- skautsmiðju og flæðigryfju fyrir kerbrot og tilgreindan eigin framleiðsluúrgang, auk þjónustu sem tengist framleiðsluferlum beint.

11. Rétt er að taka fram að hvorki Rio Tinto, íslenska ríkið, Hafnafjarðarkaupstaður eða stjórnvöld hafa samið við umbj.m. um heimild til að nota hluta jarðarinnar undir losun mengandi efna en álverið hefur frá stofnun þess gert það, þvert á vilja eigenda jarðarinnar.
12. Svo virðist sem starfsleyfistillagan sjálf með fylgiskjöllum bendi til að núverandi mengun frá ISAL muni halda áfram að berast yfir á jörðina Óttarsstaði, enda virðist ekki vera gert ráð fyrir nýjum og bættum mengunarvarnarbúnaði í álverinu.
13. Umbj.m. hafa orðið að þola bótalaust skerðingu á eignarréttindum sínum yfir stórum hluta jarðarinnar og þeir munu ekki fallast á það að land þeirra verði áfram notað til að spara álverinu kostnað við fullkominn hreinsibúnað.
14. Það hafa ekki aðeins verið hagsmunir Rio Tinto að dreifa mengun yfir á land Óttarsstaða heldur hafa það einnig verið hagsmunir samningsaðila álversins, þ.e. íslenska ríkisins og Hafnafjarðarkaupstaðar.
15. Afstaða umbj.m. er sú að ákvæði í tillögu að starfsleyfi séu ekki fullnægjandi, svo og viðeigandi lögum og reglugerðum, tryggi að núverandi kvöðum verði létt að öllu leyti af landi Óttarsstaða þannig að eigendur þess geti tekið landið kvaðalaust til þeirra nota sem hentar best.



16. Umbj.m. telja að í stöðunni séu einungis þrír kostir:

1. Svo kallaður 0-kostur, að starfsleyfið verði ekki útgefið að nýju og í framhaldi verður starfsemi álbræðslunnar stöðvuð og hún fjarlægð.
2. Að Rio Tinto afli sér heimildar til notkunar á því landsvæði sem þarf undir álbræðsluna og þar undir fellur það landsvæði sem mengandi efni berast yfir á degi hverjum og verður fyrir sjónrænum áhrifum vegna álversins.
3. Stjórnvöld og sveitarfélagið Hafnarfjörður tryggi að umrætt land Óttarsstaða verði þegar í stað kvaðalaust með öllu og eigendunum tiltækt til hverskyns eðlilegra nota, án takmarkana, til dæmis undir íbúðarhúsnæði, matvælaframleiðslu eða landbúnað.

17. Að mati umbj.m. eru það miklir annmarkar á þeim undirbúningi sem fram hefur farið í umsóknarferlinu og því sé full ástæða til að synja Rio Tinto á Íslandi um starfsleyfi. Undirbúningur hefur ekki verið nægur enda ber umsóknin og fylgigöng þess augljós merki, eins og það að ekki liggi fyrir nákvæm og áreiðanleg gögn um dreifingu mengunar og upplýsingar um hvernig ákveðin lagaskilyrði eru uppfyllt.

18. Eins er óljóst hvernig mörg atriði í starfsleyfistillögunni verða uppfyllt og eða hrint í framkvæmd. Hér á eftir eru raktir helstu annmarkar sem eru á málinu í heild, að mati umbj.m.



19. Ekki er að finna upplýsingar í tillögu að starfsleyfi eða fylgiskjölum hvernig 9. gr. reglugerðarinnar nr. 550/2018 verði uppfyllt.

20. Eins og fram kom á kynningarfundum hjá UST þann 14.09.2021 þá liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um hvernig mengun berst frá álverinu og því stendur til að setja upp mælistöð vestan við álverið til að fá vitneskju um það.

21. Á sama fundi kom fram að það gæti verið um þriggja ára ferli að ljúka þeim mælingum sem þörf er á til að fá fulla vitneskju um dreifingu mengunar frá álverinu. Það er með öllu óásættanlegt að til standi að veita nýtt starfsleyfi þegar ekki er fyrir hendi vitneskja um svo veigamikil atriði eða þau í besta falli óljós.

22. Hin tilvísada grein reglugerðarinnar hljóðar þannig:

9. gr.

*Viðmiðunarmörk.*

Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skulu gilda á losunarstað efnanna við stöðina. Þegar viðmiðunarmörk eru ákvörðuð skal ekki taka tillit til þynningar sem á sér stað áður en að losunarstað er komið. Að því er varðar óbeina losun mengandi efna í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa hreinsivirkis, sbr. lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, þegar viðmiðunarmörk fyrir losun eru ákvörðuð fyrir viðkomandi stöð, að því tilskildu að samsvarandi umhverfisverndarstig fyrir umhverfið í heild sé tryggt og að því tilskildu að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu.

23. Í starfsleyfinu er ekki að finna ákvörðun UST um tíðni reglubundins viðhalds.

24. Fyrirmæli um skyldu til að ákvarða tíðni reglubundins viðhalds og eftirlits er að finna í 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sem hljóðar þannig:



#### 10. gr.

##### *Vöktun.*

Umhverfisstofnun skal eftir atvikum byggja kröfur um vöktun á BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstofnun skal ákvarða tíðni reglubundins viðhalds og eftirlits í starfsleyfi. Miða skal við að framkvæma reglubundið eftirlit a.m.k. fimmta hvert ár fyrir grunnvatn og tíunda hvert ár fyrir jarðveg nema slík vöktun byggist á kerfisbundnu mati á áhættu á mengun.


25. Í gögnum sem UST hefur birt kemur mjög oft fyrir „eins og kostur er“ og aðstæður sem „beri að forðast eins og hægt er“ sem mjög auðvelt er að hártoga í stað þess að fram komi skýrt hvað það er sem álverið þarf að uppfylla.

26. Höfnun þess að gefa út starfsleyfi er kostur sem ber að skoða og eftir atvikum taka til greina. Sá kostur hefur mjög jákvæð áhrif á nánasta umhverfi álversins og umhverfismál almennt.

27. Rætt er í gögnum um meðaltalsgildi ( sólahrings- ársmeðaltöl) mengunar sem segir aðeins hálfra söguna en augljóst er að mældir toppar mengunar eru mun hærri og því ber að miða við toppana þegar rætt er um mengun frá álverinu.


28. Gögn málsins bera með sér hvernig skautað er fram hjá áhrifum álversins á land Óttarsstaða sem eru mjög mikil vegna mengunar sem berst í lofti og þeirra neikvæðu sjónrænu áhrifa sem álverið veldur.

29. Dæmi um skort á nákvæmni í umsókn Rio Tinto um nýtt starfsleyfi birtist á myndinni hér að neðan:



Óttarstaðir eru ekki taldir sérstaklega upp sem svæði sem verður fyrir áhrifum af álverinu, bæði efnamengun, sjónmengun og hávaðamengun.

30. Á mynd hér að neðan má sjá hvað það er sem blasir við þegar horft er frá Óttarstöðum og til austurs þegar álverið starfar á fullum afköstum. Þess háttar útsýni er til þess fallið að gjaldfella land í grennd við álverið. Það sama á við ef sveitarfélagið tekur ákvörðun að skilgreina varúðarsvæði í kringum álverið.



31. Í skýrslu um grunnástand kemur fram að það fari um 100 tonn á ári af flúoríð út í andrúmsloftið frá ISAL og í dag er álframleiðsla mun minni en



Það sem fyrirhugað er að heimila með útgáfu á nýju starfleyfi til handa Ríó Tinto. Komi til þess að álframleiðsla uppá 460.000 tonn á ári má gera ráð fyrir að rúmlega 200 tonn af flúoríð verði losuð út í andrúmsloftið frá álverinu á ári hverju. Hvernig getur það staðist að það verði heimilt á sama tíma og losun mengandi efna út fyrir lóðarmörk er óheimil.

32. Ekki er í gögnum málsins fjallað um flúormengun sem hefur greinst í mosa og berjum á landi Óttarsstaða en mengun hefur mælst þar í fjölda skipta. Jafnframt kom í ljós að berin voru óhæf til manneldis.
33. Umbj. m. fara þess á leit að ný grunnástandsskýrsla verði unnin og þar fjallað um grunnástand Óttarsstaða sem landbúnaðarjarðar eins og jörðin var áður en álverið tók fyrst til starfa og um þau mengunaráhrif sem starfsemi álversins hefur haft á jörðina.
34. Umbj.m. telja gagnrýnisvert að mælingar á mengun í jarðvegi og lofti eru framkvæmdar af leyfishafanum ÍSAL sem hefur ríka hagsmuni af því að mæld gildi séu sem lægst. Sem dæmi þá er einfalt að taka mælingar úr jarðvegi, berjum og mosa stuttu eftir mikla úrkomu sem hefur mikil áhrif á niðurstöðu mælinga. Einnig er ótækt að ekki komi fram að mæla skuli flúoríð allt árið í stað þess að mæla aðeins yfir 6 mánaða tímabil eins og nú er gert ráð fyrir.
35. Gera ætti kröfu um að settar verði upp sérstakar mælistöðvar með vindfangi sem grípur alla loftborna mengun umhverfis álverið. Brýnt er að UST taki reglulega sýni og að tryggt sé að einnig sé flúoríð mengun símælt.





Slík mengun getur ella skolast niður í jarðveginn eða fokið og þynnst út eftir því sem fjær dregur frá álverinu.

36. Það er eðlileg krafa til UST að stofnunin sjái að lágmarki um allar mengunarmælingar utan verkmiðjulóðar svo ekki sé unnt að draga áreiðanleika þeirra í efa. Jafnframt verður að gera kröfu um fjölgun mælistöðva sem mæla alla mengun en ekki aðeins sérstaklega skilgreinda mengun. Það þarf einnig að gera í landi Óttarsstaða og ættu að lágmarki tvær mælistöðvar að vera staðsettar í landi Óttarsstaða vestan við álverið.
37. Um líklega dreifingu mengunar frá álverinu er lítið vitað. Ekki er vitað hvernig hún í raun og veru dreifist frá álverinu sökum þess að ekki eru til nein gögn um símælingar á loftborinni mengun frá álverinu, nema frá einni mælistöð sem er langt austan við álverið, sem segir ekkert til um hvernig mengun berst yfir land Óttarsstaða.
38. Þegar líkleg dreifing á mengun frá álverinu hefur verið reiknuð út hefur verið byggt á veðurmælingum frá veðurstöð sem staðsett er við álverið.
39. Sjá má af mynd hér að neðan hve mikil áhrif mannvirkin hafa á stefnu og styrk vinds sem veðurstöðin (V) mælir. Þau gögn eru því með öllu ónothæf til útreikninga á dreifingu loftmengunar frá álverinu. Veðurstöðin er staðsett í einungis 7 m.y.s á meðan mannvirkin sem umhverfis hana eru á bilinu 20 – 65 m.y.s á hæð og mjög stór eða fleiri þúsundir fermetra að stærð.





40. Ekki kemur til greina að til grundvallar útgáfu nýs starfsleyfis til Rio Tinto árið 2021 sé lögðskýrsla um mat á umhverfisáhrifum sem er um 20 ára gömul. Allt önnur viðmið áttu þá við en við eiga í dag um umhverfismál og mengun. Meðal niðurstaðna umhverfismatsins er að losun mengandi efna verði að vera innan viðmiðunarmarka utan þynningarsvæðis. Í ljósi þess að í dag er óheimilt að nota þynningarsvæði og menga utan lóðar er augljóst að ekki er hægt að gefa út starfsleyfi sem byggir á þeim forsendum.

41. Í gögnum málsins er mikið gert úr BAT og þeim fullyrðingum að ISAL sé að nota þær reglur. Umbj.m. telja að upplýst sé að ISAL noti ekki bestu mögulegu tækni og allar þær útfærslur á henni sem í boði eru. Þeir sem aka fram hjá álverinu í Straumsvík sjá að það streymir mengað loft frá því, t.d. upp um mæni á öllum kerskálunum og skautsmiðju og suma daga í það miklu mæli að mengunarský liggur yfir álverinu og landi Óttarsstaða, t.d. séð frá Hafnarfirði. Ástæðan er sú að enginn hreinsibúnaður er á því lofti sem streymir á degi hverjum upp um mæninn á byggingunum en kerskálarnir sjálfir eru loftræstir með svokallaðri náttúrulegri loftræstingu (engin hreinsun og enginn vélrænn búnaður). Þegar hreinsibúnaður bilar þá eykst margfalt magn á menguðu lofti sem streymir upp um mæni



kerskálanna þriggja sem er með öllu óásættanlegt en enginn hreinsibúnaður er í mæni kerskálanna. Fyrir liggur að álverið hefur ekki gert neinar breytingar á hreinsibúnaði sínum til að auka virkni hans, frá því að ný lög tóku gildi árið 2018, sem banna mengun utan lóðar álversins. Til eru álver í Evrópu, t.d í eigu Alcoa og Norsk Hydro sem ganga mun lengra í uppsetningu og notkun á fullkomnum búnaði til að draga úr loftmengun heldur en ISAL gerir.

42. Resource international vann skýrslu sem ber heitið „Loftdreifilíkan, Endurskoðun á þynningarsvæði og svæðis takmarkaðrar ábyrgðar vegna álversins í Straumsvík“ sem gefin var út 3. nóvember 2020 og þar kemur eftirfarandi fram, bein tilvitnun „*Sviðsmynd 2. sýnir að miðað við gefnar forsendur fyrir 3 klst. bilun í þurrhreinsivirki 3 þá fer styrkur HF og PM10 margfalt yfir viðmiðunarmörk.*“ . Þrátt fyrir að verið sé að nota útreiknuð meðaltalsgildi sem er óásættlegt þar sem meðaltalsútreikningar gefa lægri gildi en ella er niðurstaðan sú að mengun muni halda áfram að mælast fyrir utan lóðarmörk ISAL og þá í landi Óttarstaða. Miðað við innihald þessarar skýrslu er full ljóst að mengun muni halda áfram að mælast fyrir utan lóðarmörk og upp fyrir leyfileg hámarks gildi samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum, þrátt fyrir að forsendur sem notaðar eru við útreikningana séu rangar vegna skorts á raungögnum frá símælistöðvum umhverfis álverið og gögnum frá áreiðanlegri veður mælingarstöð.

43. Fari svo að UST beiti Rio Tinto einhverskonar leyfi til áframhaldandi starfsemi verður að gera ríkari kröfu til vöktunar. Telja verður að taka verði tillit til ríkjandi vindátta (sem samkvæmt veðurstofunni blæs mengun frekar yfir Óttarsstaði en Straum) við uppsetningu nýrrar mælistöðvar.



Heppilegasta staðsetning gæti verið sennilega miðsvæðis á ströndinni vestan megin straumsvíkur.

44. Fari svo að UST beiti Rio Tinto einhverskonar leyfi eins og fyrr segir, þá kann að vera rétt að sett verði ákvæði í starfsleyfið eða vöktunaráætlun um nýja loftgæðimælistöð vestan við álverið og að starfsleyfið sem ætíð verði í rekstri enda er það skilyrði þess að unnt sé að fylgja eftir kröfum starfsleyfisins um að ekki verði mengun yfir viðmiðunarmörkum utan lóðarmarka verksmiðjunnar.

45. Nauðsynlegt er að afla upplýsinga um hvort og í hvaða mæli mengun yfir leyfðum mörkum berst út fyrir verksmiðjulóðina eftir að lögum hefur verið breytt og þynningarsvæði afnumin. UST þarf að gera grein fyrir því hvernig ÍSAL sé kleift að halda mengun innan marka verksmiðjulóðarinnar án þess að grípa til sérstakra lausna til að draga úr mengun. Svo virðist sem UST geri ekki í sambandi við nýtt starfsleyfi kröfu um að ÍSAL bæti hreinsibúnað sinn til að tryggja að mengun yfir mörkum haldist innan verksmiðjulóðar. Taka þarf tillit til þess í skilmálum að hreinsibúnaður bilar, stundum lítilliga stundum alvarlega, og þá streymir óhreinsað loft frá álverinu í miklum mæli.

46. Í útskýringum á BAT kemur fram að það þurfi að vera hagkvæmt að nýta viðkomandi hreinsibúnað sem er með öllu óásættanlegt en umhverfismál og réttur landeigenda Óttarsstaða verða að koma á undan hagkvæmni álversins. Er það þá virkilega þannig hugsað að ef ISAL telur óhagkvæmt að nýta ákveðinn hreinsibúnað þá sé í lagi að sleppa því að fjárfesta í þeim búnaði en þess í stað að nýta land Óttarsstaða áfram undir losun



mengunar. Landeigendur leggja til að UST felli út ákvæði um hagkvæmni í BAT. Geti álver ekki séð sér fært að starfa á arðbæran hátt með því að uppfylla nútímakröfur um umhverfisvernd geti slíkur iðnaður ekki talist ásættanlegur fyrir almannahagsmuni og íslenska náttúru.

47. Í BAT reglum segir m.a. um áliðnað:

**Áliðnaðurinn:**

**BAT**

Besta fáanlega tækni (Best Available Technology) er framleiðsluáferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluáferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eflirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluáferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og hagkvæmt er að nýta. Með bestu er átt við virkustu áferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

48. Þrátt fyrir að lög banni nú mengun utan verksmiðjulóðar á

þynningarsvæðum vekur það nokkra undrun að í tillögum að starfsleyfi handa Rio Tinto eru ekki gerðar sérstakar skilgreindar kröfur til að tryggja að félagið standi við þá skyldu sína að halda mengun undir leyfðum mörkum innan verksmiðjulóðar. Einkum kemur það á óvart vegna þess að fram til þessa hefur verksmiðjan talið þörf á gríðarstóru þynningarsvæði til að þynna út loftmengun sem berst frá álverinu. Það hlýtur þó að vera forsenda útgáfu nýs starfsleyfis Rio Tinto að þann dag sem starfsleyfið tekur gildi uppfylli álverið þær kröfur að halda mengun innan viðmiðunarmarka innan verksmiðjulóðar.

49. Umbj.m. telja rétt að gera þá kröfu verði nýtt starfsleyfi gefið út til Rio Tinto að landsvæði Óttarstaða verði á leyfistímabilinu ekki fyrir neinum



áhrifum frá álverinu, hvorki til skamms eða til lengri tíma litið og að landið verði án allra kvaða vegna rekstur ISAL.

50. Á kynningarfundi UST hinn 14. september 2021 lagði stofnunin áherslu á að það væri hlutverk sveitarfélags skv. gildandi skipulagsreglugerð að kveða á um varúðarsvæði enda þótt ákvörðun um slík svæði sé ekki á borði UST þá er líklegt að sveitarfélög hafi samráð við UST um ákvörðun varúðarsvæða. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar er þynningarsvæðið í landi Óttarsstaða jafnframt varúðarsvæði, af þessu leiðir að sveitarfélagið byggði ákvörðun sína á hættu eiginleikum svæðisins á mati UST. Því er mikilvægt að UST upplýsi hvort það muni ráðleggja sveitarfélaginu að fella niður varúðarsvæðið á landi Óttarsstaða jafnskjótt og þynningarsvæðið hefur verið afnumið.

51. Umbj.m. hafa því verulegar áhyggjur að ef nýjar loftgæðamælistöðvar verða ekki komnar í gagnid á þeim tíma sem fyrirhugað er að gefa út nýtt starfsleyfi til Rio Tinto, ef af því verður. Því þá er hætt við að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um að Rio Tinto uppfylli skilyrði um að halda mengun innan viðmiðunarmarka á verksmiðjulóðinni, en ekki utan hennar, fyrr en fyrir liggja mælingar frá nýjum mælistöðvum sem mæla alla mengun. Umbj.m telja að UST sá lagalega óheimilt að veita starfsleyfi án þess að hafa fulla vitneskju um að tilvonandi leyfishafi uppfylli öll sett skilyrði. Getur UST með einhverjum hætti tryggt að Rio Tinto uppfylli greind skilyrði frá fyrsta degi leyfistíma nýs starfsleyfis?



52. Umbj. m. vekja athygli á að nauðsynlegt er að UST upplýsi betur um aðgerðir hennar ef einhverjar eru til að bregðast við niðurstöðum rannsóknar Náttúrufræðistofnunar þar sem augljóslega kemur fram mengun þungmálma sem stafar frá álverinu og er skaðleg lífríkinu utan lóðarmarka álversins. Umbj. m. telja að UST sé skylt að grípa til tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir frekari skaða lífríkisins í nágrenni álversins og að starfsleyfi endurspegli þær aðgerðir.

53. Umbj. m. krefjast betri vöktunar á mengun þungmálma í kringum álverið í Straumsvík. Skýrsla náttúrufræðistofnunar kom út árið 2018. Í þrjú ár ekkert heyrst eða verið gert að því er virðist heldur hefur ISAL í skjóli UST haldið áfram að skaða lífríkið í sínu nánasta umhverfi. Nauðsynlegt er að grípa strax til aðgerða og að óháð úttekt á stöðu þungmálma og áhrifa þeirra á lífríkið gerð eins oft og unnt er og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

54. Í vöktunaráætlun með núverandi starfsleyfistillögu stendur eingöngu að ISAL skuldbindi sig til að "fjalla um niðurstöður" rannsóknarinnar og er ekki með nokkru móti hægt að vita hvað það þýði eða hvort til einhverra aðgerða verði gripið sem er með öllu óásættanlegt

55. Umbj. m. telja óhjákvæmilegt að skýrari ákvæða verði sett í starfsleyfið um fresti sem álverið hefur til úrbóta ef upp koma mengunarfrávik og hvaða viðurlög liggi við því, þar með talið skaðabótaskylda gagnvart landeigendum og íbúum á nærliggjandi svæðum

56. Nú þegar þynningarsvæði verður fellt niður er í raun verið að lýsa því yfir að svæði utan lóðarmarka álversins sé hæft fyrir til plöntur, dýr og menn.



Ekki verður séð í gögnum UST eða álversins að um neina tryggingu sé að ræða að svæðið beri ekki skaða af mengun, sér í lagi ef upp kemur bilun í mengunarvarnabúnaði. Svæðið er skilgreint sem varúðarsvæði af Hafnarfjarðarbæ og eftir því að dæma augljóslega ekki hættulaust svæði og í raun óljós breyting frá því sem áður var. Því telja landeigendur rétt að fagleg úttekt verði gerð á mengunarvarnabúnaði álversins, hann verði alls staðar tvöfaldaður (redundancy) þar sem mögulegt er eins og venja er í verkfræði þegar um krítísk kerfi er að ræða. Óháður þriðji aðili verði fenginn til úttektar og búnaður verði borinn saman við önnur álver á Norðurlöndum og Vestur-Evrópu þó ekki væri nema til upplýsingagildis fyrir almenning um raunverulegar mengunarvarnir álversins og hættuna sem umhverfinu stafar.

57. Umbj.m. telja að UST þurfi því að skýra betur hvort nýtt starfsleyfi geri auknar kröfur til álversins varðandi BAT eða ekki.

58. Umbj. m. telja ekki rétt að viðmiðunarsýni fyrir gróður og vatn verði fengin úr Skorradal enda er Skorradalur ekki ýkja langt frá álverinu við Grundartanga. Finna þurfi betri viðmiðunarstað þar sem unnt er með sannfærandi gögnum og rannsóknum að verði ekki fyrir marktækum áhrifum frá álveri eða öðrum iðnaði í grennd.

59. Umbj.m. vænta þess að Umhverfisstofnun fari gaumgæfilega yfir athugasemdirnar hér að framan og taki málefnanlega afstöðu til hvernar athugasemdar fyrir sig. Þannig að ekki fari á milli mála hver afstaða Umhverfisstofnunar er til hvernar athugasemdar fyrir sig og geri grein fyrir þeim opinberlega.





Virðingarfyllst,

---

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður